

## Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

### Umboð

#### 1. gr.

Skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007, með síðari breytingum, og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

### Verksvið

#### 2. gr.

Skóla- og frístundaráð mótar stefnu í menntamálum barna í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar og frístundastarfi barna og ungmenna. Einnig mótar skóla- og frístundaráð stefnu um tónlistarfræðslu barna og ungmenna og félagslega menntastefnu. Skóla- og frístundaráð tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs á verksviði sínu. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í mennta- og frístundamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

#### 3. gr.

Skóla- og frístundaráð fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 90/2008 og skólanefndar skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Þá fer skóla- og frístundaráð með verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lítur að daggæslu í heimahúsum.

Til þess að vinna að markmiðum skv. 2. gr. hefur skóla- og frístundaráð m.a. með höndum eftirtalin verkefni:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í skóla- og frístundastarfi.
2. Hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt, þ.m.t. ákvæði laga um leikskóla, nr. 90/2008, laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, og gerir tillögur til borgarráðs um úrbætur.
3. Fylgir því eftir að öll skólaskyld börn, sem rétt eiga á skólavist í Reykjavík, njóti lögboðinnar fræðslu.
4. Fylgist með framkvæmd náms og kennslu í Reykjavík og gerir tillögur til skólastjóra og/eða borgarráðs um umbætur í skólastarfi. Staðfestir starfsáætlanir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ár hvert og skólanámskrá einstakra leik- og grunnskóla.
5. Fylgist með og stuðlar að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu.
6. Hefur eftirlit með rekstri og starfi leik- og grunnskóla, frístunda-, félagsmiðstöðva og frístundaheimila Reykjavíkurborgar. Hefur eftirlit á grundvelli þjónustusamninga með sjálfstætt starfandi leikskólum, grunnskólum, tónlistarskólum og öðrum skólum sem njóta fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.
7. Gætir þess að leikskólar, grunnskólar, frístunda- og félagsmiðstöðvar og frístundaheimili á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Gerir tillögur til borgarráðs um stofnun og staðsetningu starfseininga á vegum sviðsins.
8. Veitir leyfi til reksturs sjálfstætt starfandi leikskóla.

9. Hefur eftirlit með framkvæmd daggæslu barna í Reykjavík skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og reglugerðum, sem settar eru á grundvelli þeirra, og er jafnframt stefnumótandi á því sviði.
10. Hefur eftirlit með greiðslum til dagforeldra
11. Hefur eftirlit með starfsemi skólahljómsveita.
12. Hefur eftirlit með starfsemi Námsflokka Reykjavíkur.
13. Fylgir eftir framkvæmd 47. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, varðandi stofnun og byggingu framhaldsskóla.
14. Gerir tillögur til borgarráðs um þjónustugjöld.
15. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög til sjálfstætt starfandi rekstraraðila leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla og hefur frumkvæði að gerð reglna og samninga þar um.
16. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög vegna daggæslu barna í heimahúsum og hefur frumkvæði að gerð reglna þar um.
17. Stuðlar að tengslum og samstarfi skóla, s.s. leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla svo og samstarfi leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila og tónlistarskóla.
18. Skipar fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefndir/stjórnir tónlistarskóla, sbr. 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi falli undir verksvið skóla- og frístundaráðs ber að vísa til borgarráðs.

#### *Skipan*

##### 4. gr.

Skóla- og frístundaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 61 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi skóla- og frístundaráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Fulltrúar skólastjóra í leik- og grunnskólum, kennara í grunnskólum, starfsmanna í leikskólum og foreldra í leik- og grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Fulltrúi stjórnenda frístundamiðstöðva á einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Skóla- og frístundaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmörkuð mál eða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 5. gr.

Formaður skóla- og frístundaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu á verksviði ráðsins.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu skóla- og frístundasviðs og stofnana er undir það heyra, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 6. gr.

Skóla- og frístundaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs eða staðgengill hans sitja fundi skóla- og frístundaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### 7. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Skóla- og frístundaráð skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerðar til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Skóla- og frístundasvið sér um skrifstofuhald fyrir skóla- og frístundaráð og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning fundar til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

### *Samráð*

#### 8. gr.

Skóla- og frístundaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við foreldra, íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal skóla- og frístundaráð leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefa tilefni til.

Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Skóla- og frístundaráð heldur a.m.k. einn opinn fund á ári.

#### *Fjármál*

##### 9. gr.

Skóla- og frístundaráð fær fjárhagsramma vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstri sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

#### *Ráðningar*

##### 10. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn.

Skóla- og frístundaráð ræður skólastjóra grunn- og leikskóla að fenginni tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á skóla- og frístundsviði.

#### *Fullnaðarafgreiðslur*

##### 11. gr.

Skóla- og frístundaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. lög nr. 74/2003:

- a. Veitingu leyfa til reksturs sjálfstætt starfandi leikskóla, sbr. 25. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008.
- b. Ráðningu skólastjóra leikskóla, sbr. 6. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
- c. Ráðningu skólastjóra grunnskóla, sbr. 11. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Skóla- og frístundaráð getur vísað afgreiðslu mála skv. 1. mgr. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

Framangreindar afgreiðslur skóla- og frístundaráðs, sbr. 1. mgr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

Um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fer eftir viðauka x.x við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007, með síðari breytingum.

*Málsmeðferð*

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnvísulögum og verklagsreglum um stjórnvísuluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu skóla- og frístundaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnvísulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal skóla- og frístundaráð taka mál upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá úr gildi samþykkt fyrir menntaráð frá 2. júlí 2009 og samþykkt fyrir leikskólaráð frá 17. ágúst 2006.

*Samþykkt í borgarstjórn 20. september 2011*